



LOPI

Þrá

STÆRÐIR	S	(M	L)
Yfirvídd:	92	(100	108) cm
Lengd á bol að handvegi:	56	(58	60) cm
Ermalengd:	46	(48	50) cm

EFNI

Peysa

Einband – 50 gr dokkur

A – 1766 appelsínugulur	4	(4	4)
B – 9075 móleitur	4	(4	4)
C – 9128 fölblaikur	4	(4	4)
D – 0867 döckmórauður	4	(4	4)

Trefill

Einband – 50 gr dokkur

A – 1766 appelsínugulur	1	(1	1)
B – 9075 móleitur	1	(1	1)
C – 9128 fölblaikur	1	(1	1)
D – 0867 döckmórauður	1	(1	1)

Hringprjónar nr 7, 40 og 80 cm
Sokkprjónar nr 6 (fyrir lista að framan)
6 tölur

PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 13 L og 18 umf slétt prjón á prjóna nr 7. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Peysan og trefillinn eru prjónuð úr fjórföldu Einbandi. Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlastykki prjónað í hring. Umferð byrjar og endar á brugðinni lykkju fyrir miðju að framan. Saumað er með beinu þéttu spori í brugðnu lykkjurnar áður en klippt er upp á milli þeirra. Trefillinn er prjónaður fram og til baka með perluprjóni.

Perluprjón

- umf: Prj *1 L sl, 1 L br*, endurtakið frá * til * út umf.
- umf: Prj slétt í brugðnar L og brugðið í sléttar L.

BOLUR

Fitjið upp 130 (138,146) L með litum A+B+C+D á hringprjón nr 7. Prj perluprjón fram og til baka, alls 4 cm. Setjið 5 fyrstu og 5 síðustu L á aukaband/nælu (listar). Fitjið upp 2 L sem hér eftir eru prjónaðar br og tengið saman í hring => 122 (130,138) L. Prjónið slétt 20 (22, 24) cm. Setjið merki í hliðar þ.e prjónið 31 (33, 35) L setjið merki, prjónið 60 (64, 68) L setjið seinna merki, prj 31 (33, 35) L. Takið úr 2 L við merki þannig: Prj þar til 2 L eru að merki, takið 1 L ópr, prj 1L sl og steypið óprj L yfir, prj 2 L saman. Endurtakið úrtökuna í tólfstu hverri umf alls 3 sinnum => 110 (118, 126) L. Prj þar til bolur mælist 56 (58, 60) cm frá uppfitjun.





LOPI

ERMAR

Fitjið upp 30 (32, 32) L með lit A+B+C+D á prj nr 7. Tengið saman í hring og prj perluprjón, 4 cm. Prj sl og aukið út um 2 L undir miðri ermi (1 L eftir fyrstu lykkju og 1 L fyrir síðustu lykkju í umf) í 9. hverri umf, alls 5 (6, 6) sinnum => 40 (44, 44) L. Prj þar til ermi mælist 46 (48, 50) cm frá uppfitjun. Setjið 8 L undir miðri ermi á aukaband/nælu => 32 (36, 36) L.

AXLASTYKKI

Sameinið bol og ermar á hringprjón nr 7. Prj hægra framstykki 23 (25, 27) L, setjið næstu 8 L á aukaband/nælu, prj fyrri ermi við 32 (36, 36)L, prj 48 (52, 56) L (bak), setjið 8 L af bol á aukaband/nælu prj seinni ermi við 32 (36, 36) L og að lokum 23 (25, 27)L af framstykki => 158 (174, 182) L. Setjið nú merki við samskeyti bols og erma = 4 merki. Prj laskaúrtöku þannig: *Prj þar til 3 L er að merki, takið 1 L óprj, prj 1 L sl og steypið óprj L yfir. Prj 2 L sl (merkið er á milli þeirra), prj 2 L sl saman*. Endurtakið frá * til * út umf. Prj laskaúrtöku í annarri hverri umf alls 12 (13, 14) sinnum => 62 (70,70)L. **Ath** þegar laskaúrtakan hefur verið endurtekin 11 (12, 13) sinnum er prjónuð upphækkun að aftan en áfram laskaúrtaka þannig: *Prj þar til 7 L eru að br L að framan, takið bandið fram fyrir, takið 1 L óprj, setjið bandið aftur fyrir og flytjið óprj L aftur yfir á vinstri prjón (bandið er vafið um 1 L) þetta er gert svo ekki myndist gat þegar prj er yfir allar L í lokin. Snúið við og prj til baka þar til 7 L eru að br L að framan (á hinum endanum) takið bandið fram fyrir , takið 1 L óprj, setjið bandið aftur fyrir og flytjið óprj L aftur yfir á vinstri prjón. Snúið við. *Ent frá * til * næst þar til 8 L eru að miðju að framan. Snúið við og prj 1 umf yfir allar L og prj bandið sem vafið er utan um L með viðkomandi L. Fellið af 2 br L fyrir miðju að framan, prj 1 umf sl og takið úr um leið 8 (12, 12) L jafnt yfir umf => 52 (56, 56) L. Geymið L og prjónið lista að framan

Hnappalisti (vinstri)

Frá réttu: Setjið 5 L sem voru á aukabandi/nælu á prjón nr 6, fitjið upp 3 L (kantl) upp við framstykkið. Prj 5 L perluprjón en prj kantL sl frá réttu (br frá röngu). Prj listann jafnlangan framstykki (teygið aðeins á listanum), fellið af kantL og geymið 5 L á aukabandi/nælu. Merkið fyrir 6 hnöppum á hnappalista (vinstri lista) með jöfnu millibili, neðsta hnappagatið ca 3 cm frá uppfit, efsta hnappagatið verður gert í miðja hálslíningu.

Hnappagatalisti (hægri)

Prj hægri listann í spegilmynd við þann vinstri og gerið hnappagöt á móts við merkingarnar þannig (frá réttu): Prj 2 L, prj 2 L saman. Prj til baka og fitjið upp 1 L í stað þeirrar L sem tekin var úr í umf á undan. Prj hægri lista jafnlangan vinstri lista. Fellið af kantL og geymið 5 L á aukabandi/nælu.

Saumið í vél með beinu þéttu spori og samlitum tvinna, tvisvar í hvora br L fyrir miðju að framan. Klippið upp á milli saumanna.

Saumið lista við framstykki á réttu þannig að listi liggi beint upp af L að neðan, saumið við sl L á framstykki og á milli innstu L á lista og kantL sem er næst listanum. Saumið kantinn niður á röngu þannig að hann hylji vélsauminn.

HÁLSLÍNING

Prj perluprjón 5 L af lista 52 (56, 56) L af bol og 5 L af lista => 62 (66, 66) L. Prj perluprjón þar til hálslíning mælist 4 cm, fellið laust af.

FRÁGANGUR

Lykkið saman undir höndum og gangið frá endum. Skolið úr peysunni og leggið til þerris.



LOPI



LOPI

TREFILL

Hægt er að nota Einbandið 2-falt, 3-falt eða fjórfalt (eins og á mynd) með sömu þrjónastærð, allt eftir því hversu þykkur trefillinn á að vera.

Fitjið upp 36 L á þrj nr 7 og þrjónið perluprjón fram og til baka þar til trefillinn mælist 150 cm. Fellið af. Saumið saman uppfit og affellingu og snúið upp á trefilinn (ef vill) þannig að myndist 8.

Hönnun: Rebekka Th. Kristjánsdóttir

